

Veiðifélag Laxár og Krákár
Hofi
660 Mývatn

Akureyri 20. apríl 2018
UST201803-288/H.V.
09.07.01

Leyfi til endurbóta og endurbyggingar Veiðihússins Rauðhóla í Laxárdal

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Braga Finn bogasonar og Hjördísa Finn bogadóttur f.h. Veiðifélags Laxár og Krákár, dags. 13. mars 2018, um framkvæmdaleyfi til endurbóta og endurbyggingar Veiðihússins Rauðhóla í Laxárdal. Framkvæmdin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Þann 28. mars 2018 bárust viðbótargögn þar sem óskað var leyfis til að færa rafstreng til inni á byggingarlóðinni á þegar röskuðu svæði.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnsviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun skal leita umsagna Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsóknir um leyfi.

Lýsing framkvæmdar

Sótt er um leyfi til endurbóta og endurbyggingar Veiðihússins Rauðhóla í Laxárdal sem byggt var árið 1973. Aðeins er starfsemi í húsinu í þrjá mánuði á ári, í júní, júlí og ágúst. Samkvæmt upplýsingum umsækjenda fela framkvæmdir við Veiðihúsið í sér að norðurálma hússins verði fjarlægð og bætt við suðurálmu þess. Með framkvæmdunum fækkar herbergjum úr 12 í 10. Í nýrri álmu er gert ráð fyrir að vatn frá salernum verði aðskilið frá því sem kemur frá sturtu og vöskum, en í þeim hluta byggingarinnar sem ekki verður breytt (eldhús og starfsmannaálma) er ekki gert ráð fyrir breytingum á fráveitu, þ.e. að núverandi rotþró verði notuð áfram.

Jafnframt var óskað eftir leyfi til að færa til rafstreng innan lóðarinnar sem Veiðihúsið stendur á á svæði sem er þegar raskað. Við norðvestur horn hússins verði settur tengikassi og þaðan grafinn stengur að mæla- og tengikassa norðan á húsinu í samræmi við teikningar sem voru meðfylgjandi umsókn.

Við framkvæmdina munu starfa smiðir og fleiri iðnaðarmenn, ekki fleiri en 10 í einu. Salerni og önnur aðstaða fyrir starfsmenn er til staðar í húsinu. Aðeins er fyrirhugað að nota vélknúin tæki á lóð veiðihússins sem er afgirt og ekki er gert ráð fyrir raski á dýralífi eða gróðri.

Frágangur á lóð í kringum þann hluta hússins sem breytist verður með sama hætti og gert var á sínum tíma við aðra hluta hússins.

Umsagnir

Umhverfisstofnun leitaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um ofangreinda umsókn Veiðifélags Laxár og Krákár. Umsögn barst Umhverfisstofnun þann 27. mars 2018 þar sem segir:

„Visað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 20 mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurbætur/endurbyggingu á Veiðihúsini Rauðhólum í Laxárdal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og telur að endurbætur/endurbygging á veiðihúsinu komi ekki til með að rýra verndargildi verndarsvæðis Mývatns og Laxár og gerir því ekki athugasemd að leyfi fyrir framkvæmdum verði veitt á þeim forsendum sem koma fram í gögnum málsins.“

Um viðbótargögn segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

„Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og gerir ekki athugasemd við tilfærslur á rafmagnsstreng.“

Í umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn sem barst þann 17. apríl 2018 segir:

„Visað er til bréfs UST frá 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar RAMÝ um stækkuun veiðihússins við Rauðhóla í Laxárdal, S.-Þing. Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn gerir ekki athugasemd við framkvæmdina, að því gefnu að efni undir bygginguna (ef eitthver er) verði ekki sótt í Rauðhóla.“

Umhverfisstofnun leitaði einnig umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Í umsögninni, sem barst þann 3. apríl 2018, segir:

„Visað er til erindis Umhverfisstofnunar frá 20. mars sl. hvar óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um beiðni Veiðifélags Laxár og Krákár um endurbætur/endurbyggingu á Veiðihúsini Rauðhólum í Laxárdal.

Með erindinu fylgdu gögn varðandi umfang verkefnisins og teikning sem sýnir húsnæðið eftir breytingar og endurbætur. HNE hafði og samband við Braga Finnboagason forsvarsmann Veiðifélags Laxár og Krákár og fékk viðbótar upplýsingar er varða málid. Með vísan til þeirra upplýsinga sem fram eru komnar varðandi hvernig staðið verður að þessum framkvæmdum gerir HNE ekki athugasemd við umsókn Veiðifélags Laxár og Krákár um endurbætur/endurbyggingu á veiðihúsi félagsins.“

Áhrifamat

Umhverfisstofnun gefur út lista á tveggja ára fresti yfir þau svæði sem veita þarf sérstaka athygli og hlúa sérstaklega að. Á listanum eru greindir styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Flokkast svæðin á rauðan og appelsínugulan lista. Á hinum fyrrnefnda eru svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi strax við og er verndarsvæði Mývatns og Laxár talið þar á meðal. Á verndarsvæðinu er mjög fjölbreytt dýralíf, ásamt sérstæðum jarðmyndunum og fjölmörgum mikilvægum vistkerfum. Mikill fjöldi ferðamanna eykur álag á lífríki svæðisins sem kallar á sérstakar ráðstafanir. Svæðið hefur að geyma viðkvæm vistkerfi, t.a.m. búsvæði kúluskíts, samspil rykmýs, fuglalífs, fiska og hornsíla, ásamt jarðhitasvæðum og jarðmyndunum. Þá eru

viðkvæm gróðursvæði og viðkvæmar jarðmyndanir innan verndarsvæðisins. Að auki er svæðið á skrá Ramsarsamningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.

Umhverfisstofnun telur þá framkvæmd sem sótt er um leyfi fyrir í máli þessu ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á lífríki, vistkerfi eða jarðmyndanir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, enda fara þær fram á svæði sem er þegar raskað. Þá mun herbergjum fækka um tvö. Áhrif framkvæmdanna á landslag eru talin ásættanleg.

Niðurstaða

Í ljósi þess að endurbygging og endurbætur á Veiðihúsini Rauðhólum í Laxárdal eru ekki taldar hafa óásættanleg áhrif á lífríki, landslag, vistkerfi eða jarðmyndanir að mati Umhverfisstofnunar og umsagnaraðila er leyfi til framkvæmda veitt að hálfu Umhverfisstofnunar með eftirfarandi skilyrðum:

- Umhverfisstofnun skal upplýst um ef brugðið verður útaf þeirri áætlun og þeim gögnum sem kynnt hafa verið stofnuninni í málinu.
- Efni undir viðbyggingu verði ekki tekið úr Rauðhólum eða öðrum jarðmyndunum á svæðinu.
- Ekki skal hefja framkvæmdir utanhúss á tímabilinu frá 15. maí til 30. júní vegna fuglaverndar.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um mengunaróhöpp sem kunna að verða við framkvæmdirnar, t.d. ef olíuleki kemur frá vinnuvélum. Við meðhöndlun mengaðs jarðvegs skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar.
- Starfsmenn við framkvæmdina skulu upplýstir um innihald leyfis og skilyrði Umhverfisstofnunar, sérstöðu svæðisins og mikilvægi þess að valda ekki tjóni á náttúrunni.
- Farið skal að þeim reglum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012. Jafnframt skal fylgja þeim viðmiðum sem sett eru fram í verndaráætlun Mývatns og Laxár.
- Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdaraðili haldi byggingarstað og umhverfi hans snyrtilegu. Hreinsa skal upp byggingarárgang ef hann fýkur af byggingarstað.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmd og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá stofnuninni.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri

Tjörnin fústod.

Davíð Örvar Hansson
Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur

